

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 501/1994 um gerð persónuhlífa.

1. gr.

Ákvæði e-liðar 3. tölul. 1. gr. orðast svo:
e) hjálma og hjálmskyggni ætluð fyrir notendur vélknúinna ökutækja sem eru á tveimur eða þremur hjólum.

2. gr.

Eftirfarandi texti fellur niður í lok viðauka III við reglurnar:
Viðbótarupplýsingar:
— Tveir síðustu stafirnir í ártalinu fyrir árið þegar merkið var sett á; þessara upplýsinga er ekki krafist ef um er að ræða persónuhlífar sem um getur í 2. tölul. 8. gr.

3. gr.

Reglur þessar, sem settar eru af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkvæmt heimild í 38. og 47. gr. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og með hliðsjón af tilskipun 96/58/EBE, eru hér með staðfestar af félagsmálaráðuneytinu til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 13. mars 1998.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Elín Blöndal.